

## IX. KAFLI.

75

18. ágúst

*Sektarákvæði.*

## 31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð Húsavíkurkaupþúns, ef ekki liggur þyngrri hegning við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. október 1930, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1930.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

---

*Jón Gunnlaugsson.*

## REGLUGERÐ

76

24. júlí

fyrir

Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m. m.

## I. KAFLI.

*Um geldfjárrekstra á afréttir og fjallönd á vorin.*

## 1. gr.

Hreppsúar í þeim sveitum þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að álitu hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrétt að vorinu allt geldfé sitt, að meðtöldum dílkum. Nú eru engin slik afréttarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar, skal þá hreppsnefndin annast um, ef ekki fæst upprekstur í annari sveit, að fénu sé jafnað niður á löndin að réttri tiltölu við landrými og með samkomu-

**76** lagi við landeiganda. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur  
 24. júlí eftir tilvísun hreppsnefndar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því, sem hann er ákveðin hér á eftir.

### 2. gr.

Í upprekstrartoll greiðist kr. 1.00 fyrir hverjar 10 sauðkindur, hvort heldur sem eru lömb eða roskið fé, og skal tollur þessi vera greiddur innan októbermánaðarloka ár hvert ef ekki er öðruvísi um samið.

Hver fjáreigandi skal skyldur til þess, að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir 15. ágúst ár hvert frá tölu þess sauðfjár, er hann átti fjallrækt það vor, en hreppsnefndinni ber fyrir fjallleitir að haustinu að tilkynna þeim, er hafa rétt til fjallatolla, að hverjum fjáreigendum þeir eigi aðgang um greiðslu á þeim.

### 3. gr.

Þar sem svo hagar til hér í sýslu, að mikill ágangur á sér stað af fénaði úr hreppum utansýslu, þá er hlutaðeigandi hreppsnefnd skylt að leita samkomulags við hreppsnefndirnar í þeim hreppum, sem fénaðinn eiga er áganginn veita, um borgun fyrir áganginn. Náist ekki samkomulag milli hreppsnefndanna, geta hreppsnefndir í þeim hreppum hér í sýslu, sem verða fyrir áganginum, krafizt 10 auro gjalds fyrir hverja sauðkind, sem smalað er hér til réttar og er fram yfir þá fjártölu, sem viðkomandi hreppur á þar, og skal borgunin vera greidd hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir lok desembermánaðar ár hvert.

Borgun sú, sem ræðir um í þessari grein, greiðist í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

### 4. gr.

Fráfæring allan skal vakta, annaðhvort heima áður en hann er rekinn, eða þar, sem hann er skilinn eftir í fjalllandinu, að minnsta kosti 2 sólarhringa. Enginn má heimildarlaust reka eða sleppa fénaði sínum í annara manna lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig gegnum heimalönd manna að ekki hljótist skaði af.

Brot móti þessum kafla varða 10—50 kr. sekt auk skaðabóta eftir mati óvilhallra manna.

## II. KAFLI.

### *Um vorsmalanir.*

### 5. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár á vorum til rúnings þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara

fram á afréttum og fjallöndum. Hið sama gildir að því er snertir smölun til fráfærna. Ennfremur ákveður hreppsnefnd leitardag hver í sínum hreppi. 76  
24. júlí

#### 6. gr.

Hreppsnefndin jafnar niður vorfjallskilum á menn á sama hátt og vanalegt er um niðurjöfnun fjallskila að haustinu. Þó skulu þeir fjáreigendur, sem koma fé sínu fyrir til vorhirðingar hjá öðrum, vera undanskildir vorfjallskilum, en þeir, sem féð taka, skulu sjá fyrir vorfjallskilum á því, sem sínu eigin fé.

#### 7. gr.

Allt það fé, sem við leitir þessar finnst, skal rekið til lögskilaréttar. Þó mega hreppsnefndir fyrirskipa að annarsstaðar sé fé aðrekið, ef það þykir heppilegra, og skulu þær velja einn eða fleiri menn þar til hæfa, er sjái um að allt gangi vel og skipulega fram, þar sem féð er rekið að.

#### 8. gr.

Skylt er hreppsnefnd að sjá um, að allt órúið fé, innanhrepps og utan, sem í leitum þessum finnst, sé rúið, og öll ómörkuð lömb séu mörkuð undir mörk mæðra þeirra.

Borgun fyrir rúning á aðkomufé og mörkun á lömbum, sem ekki eru líkur til að eigendur eða umráðamenn hirði, skal vera þessi: fyrir að rýja kindina 50 aurar og fyrir að marka lambið 1 króna, og skal sá, er verkið vinnur, vera skyldur til að merkja ullina greinilega og gera eiganda viðvart um hana, sem svo um leið og hann hirðir hana greiðir allan áfallinn kostnað, enda geri sá er verkið hefir unnið, eiganda grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á kindum þeim, er hann hefir rúið og markað.

Brot gegn þessum kafla varða 10—50 kr. sektum.

### III. KAFLI.

#### *Um sauðfjármörk.*

#### 9. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til þess að hafa glögg og löglegt eyrnamark á sauðfé sínu, en afeyrir er óheimilt og bannað.

Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann þá skyldur til, bæði að fá leyfi markeiganda, ef kostur er á að láta þær ganga með markinu, og brennimerkja og hornmarka þær svo glögg sem verða má, og afhenda hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kindna þessara fyrir ágústmánaðarlok ár hvert.

Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, skal hann þá tilkynna það

**76** hreppsnefndaroddvita og hreppsstjóra, bæði í hreppnum sem hann býr í og í 24. júlí aðliggjandi hreppum, og innfæra þeir það í markaskrár sínar.

Enginn má taka upp fjármark, sem annar sýslubúi hefir, né hafa fleiri en tvö fjármörk.

#### 10. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna; skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt, sem segir í 9. gr.; eigi hann sammerkt við einhvern í sýslunni, skal hann leggja mark sitt niður eða semja við hlutaðeiganda um notkun þess.

Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá sýslunnar er prentuð. Allir markeigendur skulu fá 1 eintak af markaskránni.

#### 11. gr.

Á brennimarki sýslunnar skulu vera þessir stafir S. H. og að auki tölu-stafir þannig:

S.H.	1.	fyrir	Kolbeinsstaðahrepp
—	2.	—	Eyjahrepp
—	3.	—	Miklaholtshrepp
—	4.	—	Staðarsveit
—	5.	—	Breiðuvíkurhrepp
—	6.	—	Neshrepp utan Ennis
—	7.	—	Ólafsvíkurhrepp
—	8.	—	Fróðárhrepp
—	9.	—	Eyrarsveit
—	10.	—	Helgafellssveit
—	11.	—	Stykkishólmshrepp
—	12.	—	Skógarstrandahrepp.

Brennimörk þessi skulu vera sett framan á vinstra horn kindarinnar, en brennimark eiganda framan á hægri horn. Skylt er öllum þeim, er sora-markaðar kindur eiga að nota þessi brennimörk á hyrndar kindur.

#### 12. gr.

Markaskrá sýslunnar skal prenta tíunda hvert ár, og viðauka yfir ný mörk fimmta hvert ár ef þörf krefur, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum og setja þau saman eftir stafrofsröð í greinilega skrá. Hreppsnefndin skal því næst, eftir að hún hefir samið skrána, leggja hana fram til sýnis fyrir fjáreigendur í hreppnum, svo að hverjum þeirra gefist kostur á að sjá að mark sitt sé rétt skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin sýslunefndinni skrána, sem annast svo um, að aðalskrá sé samin yfir öll mörk í sýslunni og síðan prentuð.

Sérhver markeigandi er skyldur að skýra hreppsnefnd sinni frá marki sínu, svo að það komi í markaskrána. Skal hver markeigandi greiða fyrir prentun marks síns það, sem sýslunefndin ákveður, og gengur það til prentunarkostnaðar. Fyrir brennimörk skal þó eigi greidd nein sérstök borgun.

Skyldar skulu hreppsnefndir að semja skrá yfir öll fjármörk í hreppnum, svo mörg eintök að hver sá, sem sendur er í aðrar réttir, geti fengið eitt eintak, og skulu þeir markeigendur skyldir til þess að senda oddvita mark sitt fyrir 15. ágúst, sem flutt hafa inn í hreppinn næsta vor á undan, svo og þeir, sem taka upp nýtt mark eða breyta um mark. Skrár þessar skulu afhentar oddvitum að afloknum skilaréttum ár hvert. 76  
24. júlí

### 13. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í réttum eða að hausti, nema því aðeins að viðstaddir séu 2 vottar.

Brot móti þessum kafla varða 10—50 kr. sektum.

## IV. KAFLI.

### *Um fjallskil.*

### 14. gr.

Á ári hverju skulu hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, kveðja skriflega, með nægum fyrirvara, alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjall eftir sauðfé, samkvæmt 15. gr. í reglugerð þessari, til þess að leita afréttir og önnur fjalllönd innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 16. gr. Fjallskilaboð þetta gangi sem þingboð um hreppinn, og varðar það sektum ef tefst eða niður fellur. Skal í því nákvæmlega ákveða hvernig fjallgöngum skal haga, rekstrum til réttar, geymslu safnsins við réttina þangað til réttarhald byrjar, hverjir skulu sækja fé í utansveitar- og aðrar réttir og hvað annað, sem tilheyrir fjallskilum. Til þess að sækja fé í utansveitarréttir, skal velja markglögga og gætna menn. Þeir skulu vera útbúnir með markaskrá sýslunnar og hreppsins. Hreppsnefndin skal og skipa fyrir um, hverjir skulu vera leitarstjórar, og skulu þeir ætíð skyldir til þess að ganga með leitar mönnum.

Öll óhlýðni gegn fyrirskipunum hreppsnefndar og leitarstjóra varðar sektum samkvæmt 24. gr.

### 15. gr.

Hver sá maður, sem á eða hefir umráð yfir allt að 12 kindum, hvort heldur er lömb eða roskið fé, er til fjalls skulu reknar, skal skyldur að greiða 50 auru fyrir hverja kind til hlutaðeigandi hreppsnefndar, sem svo verji því til fjallskila í hreppnum eftir því, sem þörf krefur, ella falli í sveitarsjóð þess hrepps, er fjallskilin eiga að fara fram í. Hreppsnefndir innheimta gjald þetta, og má taka það lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum frá 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám.

Hver sá maður, sem á eða hefir umsjón yfir 12 kindum fjallrækum og þar yfir, skal skyldur að gera fjallskil eftir fyrirskipun hreppsnefndar þeirrar, sem hlut á að máli. En jafna skal nákvæmlega niður fjallskilum á alla

**76** fjáreigendur eftir sauðfjártölu og þörfum, svo að fjallskilum og fjárheimtum sé svo vel fullnægt sem unnt er, enda segi hver fjáreigandi hreppsnefnd til  
24. júlí fjáreignar sinnar á fjalli fyrir 15. ágúst ár hvert.

Nú reka menn einnig fé á fjall í öðrum hreppi og skulu þeir þá skyldir að greiða gjald það, sem ræðir um í fyrstu málsgrein þessarar greinar eða gera fjallskil þar eftir fjármagni því, sem þar er rekið til fjalls. En reki þeir ekkert fé til fjalls í þeim hreppi, sem þeir eru fjallskildir í, greiða þeir samt helming þess gjalds, sem ákveðið er í fyrstu málsgrein þessarar greinar í sveitarsjóð þess hrepps. En þeir, sem eiga 12 kindur og þar yfir, en reka ekkert fé til fjalls í sínum hreppi, skulu auk fjallskilanna í hinum framandi hreppi skyldir að leggja til að minnsta kosti 1 mann í tvær göngur til fjallskila í sínum hreppi.

#### 16. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa á milli: Langmerkin eru: fjallgarðurinn þar sem hann er hæstur eins og vötnum ðallar, eða þar sem hreppalönd ná saman, nema þar, sem öðruvísi er ákveðið í grein þessari. Þvermerkin eru þessi: Á milli Hörðudals og Skógarstrandar, Gunnarsstaðaá, á milli fjalls og fjöru, og leita Skógstrendingar þaðan að Kársstaðahálsi. Þaðan leita Helgfellingar og Stykkishólmsbúar að Grimsskarði, syðradysi, Rauðsteinalæk, Moldargilsá, Axarhamri og Tröllahálsi. Þaðan leita Eyrsvéitingar að Kaldnasa, Kistufelli, Höfðakúlum og Búlandsgili. Þaðan leita Fróðhreppingar að Stafnafelli, Steinahlíð, Miðfellsöxl, ytri-Moldarmúla, Hestdalsbotni, Hesti, Rauðukúlu, Folahnúk, Tvisteinu, Merarvörðu og Blindaugum. Þaðan leita Ólafsvíkurbúar um Geldingafell, þaðan þvert niður í Giljatungu í Fossdal, Hróaskarð, Einbúa og Loðnugjá. Þaðan leita Neshreppingar að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og Bárðarkistu. Þaðan leita Breiðvíkingar að Axlargangi beina stefnu í Rjúpnaborgir eftir hreppamerkjum milli Staðarsveitar og Breiðuvíkur. Þaðan leita Staðsveitingar að Djúpagili, Urðarmúla, Baulárvallavatni að Moldargilsá. Þaðan leita Miklhreppingar að Skyrtnunu, Hafursfelli og Svinhól. Þaðan leita Eyhreppingar að Svinavatni, Svinaskarði, Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará. Þaðan leita Kolhreppingar að Geirhnúk eftir Vatnshlíðareggjum að Klyfsandi og Hitará.

Þar sem fjöll og hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnaskili.

#### 17. gr.

Næsta virkan dag fyrir fyrsta leitar dag og sömuleiðis fyrir skilaréttardaginn, skal hver búandi og nytjandi jarða, skyldur að leita vandlega sin heimalönd, þau, sem vanalega ekki eru leituð til réttar, og skal hann í tæka tíð reka allt fé, sem á þeim finnst, og hann ekki á sjálfur eða heimafólk hans, til réttar eða í fjallsafnið. Hinsvegar er stranglega bannað að draga í sundur fjallsafn annarsstaðar en í lögréttum og aukaréttum. Heimalönd teljast aðeins þau, sem notuð eru fyrir málnytupening og brúkunarhross. En viðáttumeiri lönd séu leituð eftir fyrirskipun hreppsnefndar.

## 18. gr.

76  
24. júlí

Tvær skulu fjalleitir á hausti hverju. Til fyrri réttar skal gengið daginn áður en réttað er, þar sem hreppsnefnd álitur þess þörf. Til síðari réttar (skilaréttar) skal gengið miðvikudaginn í 24. viku sumars í öllum hreppum sýslunnar og skilarétt haldin næsta dag á eftir. Leitardagar skulu tilgreindir í fjallskilaseðlinum. Ennfremur skal öllum hreppsnefndum skylt að láta fara fram almenna heimalandssmölun í hreppnum, og skal smölun sú fram fara fimmtudaginn síðastan í sumri. Allt það úrtíningsfé, sem fyrir kemur þennan dag, skal tafarlaust rekið til lögskilaréttar, og réttað sama dag. Skal það réttarhald fara að öllu leyti fram með sömu reglum og skilaréttin. Hreppsnefndir taki því fram í fjallskilaboði sínu, hvornig smölunum þessum skuli hagað.

## 19. gr.

Leitarstjórar skulu annast um að leitir fari vel og skipulega fram; til þess heyrir meðal annars, að leitarmenn hefji leitina, þá er sauðljóst er orðið, og hittist úr nágrannahreppum, eða bíði hver eftir öðrum á gangnamerkjum þar sem því verður við komið, enda haldi þeir leitinni samhliða hver til sinnar réttar.

Nú hittir leitarmaður vanfæra kind í leit sinni, og álitur að hann geti ekki komið henni til réttar án þess að vanrækja göngu sína, skal hann þá at-huga mark og auðkenni á henni og aflífa hana ef hún er mjög aðfram komin og dysja forsvaranlega þannig, að hann geti vísað til hennar og skýrt frá marki á henni.

## 20. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gera, leggi svo marga fullgilda menn til, sem hreppsnefndin hefir ákveðið samkvæmt 15. gr. Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann voru lögð og má þá hreppsnefndin eða leitarstjóri, verði því við komið, kaupa menn til að vinna það, sem á vantar til fjallskilanna\*upp á hans kostnað eftir mati óvilhallra manna, enda gjaldi að auki sekt, samkvæmt 24. gr.

## 21. gr.

Leitarstjóri skal strax hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipun hans, en hreppsnefndin kærir slíkt, sem og sérhverja aðra skylduvanrækslu með tilliti til fjallskila, fyrir sýslumanni til sektar. Sömuleiðis hefir hver einstakur maður rétt til að kæra til hreppsnefndar, hafi hún beitt við hann rangindum, eða íþyngt honum fram yfir það sem þessi reglugerð leyfir, og skal hann þá hafa gert það skriflega til oddvita fyrir 20. október það ár. En nái hann ekki rétti sínum á þann hátt, getur hann skotið máli sínu til sýslumanns til endilegs úrskurðar.

76

24. júlí

22. gr.

Fjallafé það, sem ofan slangrar í kvikfé manna, skal þegar þörf gerist, skilja úr og reka til fjalls í lönd þau, er notuð eru til upprekstrar.

23. gr.

Auk heimalandssmalana, sem getið er um í 17. gr., geta hreppsnefndir svo oft sem þörf gerist, fyrirskipað almenna smölun í öllum heimalöndum í hreppnum, og skal þá öllu fé komið beinustu leið til átthaga sinna.

Nú kemur rekstur til búanda, skal hann þá, ef mögulegt er, láta rannsaka hann og taka úr honum kindur þær, sem ekki eru á rétttri leið, ef nokkrar eru, og leiðbeina þeim í rétta átt, svo fljótt, sem því verður við komið.

24. gr.

Hver, sem finnur kindur í fjallendum þeim, sem ekki teljast búfjárhagar, að afstöðnum öllum lögboðnum leitum, skal fá fundarlaun, eftir mati óvilhallra manna. Þó mega þau ekki fara fram úr  $\frac{1}{4}$  verðs þess, sem kindurnar eru metnar.

Af þeim kindum, sem finnast heima í búfjárhögum, ber ekki að greiða fundarlaun, en sérstaka fyrirhöfn, svo sem að ná kindum úr klettum eða því um líkt, ber að borga.

Komi utansveitarkindur fyrir í heimafé manna að afstöðnum öllum réttum og hafi þær orðið þar innligna fyrir trassaskap þess, sem kindurnar hafa verið hjá, skal hann tafarlaust tilkynna eiganda kindanna, og annast þær, eiganda að kostnaðarlausu, þar til hann vitjar þeirra, ef eigandinn ekki sýnir ótilhlýðilegan drátt á að vitja þeirra.

Brot móti þessum kafla varðar 10—50 kr. sektum.

## V. KAFLI.

### *Um réttarhöld og meðferð á úrtíningsfé.*

25. gr.

Þar skulu réttir vera, sem segir 27. gr., og svo langt og víða til reka, sem segir í 16. gr.

Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsþúa, hreppsnefndar og sýslunefndar.

26. gr.

Þrisvar skal réttað á hausti í hverri lögskilarétt samkvæmt 18. gr., og skulu hreppsnefndir annast um að réttir séu að öllu vel upp byggðar og nægir diltkar handa öllum hreppsþúum, sem sjálfir annast um diltkadyr sínar meðan á réttarhaldinu stendur, helzt með grindum eða á annan jafn tryggan hátt, og annast þeir einnig um árlegt viðhald á diltkum sínum. Hreppsnefnd skal

þó heimilt að taka í sínar hendur viðhald réttardilka, þar, sem hún álitur slíka tilhögun heppilegri.

76  
24. júlí

Dilka handa utanhreppsþúum, eru hreppsþúar ekki skyldir að leggja til, nema jafnstóra því dilkrúmi, sem þeir þurfa að fá hjá utanhreppsþúum. Þeir menn, sem reka fé sitt á fjall í öðrum sveitum, skulu sjá sér þar sjálfir fyrir dilkrúmi.

Hreppsnefndin kjósi einn mann úr sínum flokki fyrir réttarstjóra.

### 27. gr.

Réttir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum, er nú skal greina: Kaldárdals-, Þverár-, Vörðufells- og Kothraunsrétt mánudaginn í 22. viku sumars; Mýrdals-, Dranga-, Arnarhóls- og Selgilsrétt þriðjudaginn í 22. viku sumars; Miðhrauns- og Lárdalsrétt miðvikudaginn í 22. viku sumars; Brekku- og Grundarrétt fimmtudaginn í 23. viku sumars; Haukabrekku-, Ólafsvikur- og Bláfeldarrétt föstudaginn í 23. viku sumars; Hnausa-, Fagurhóls- og Hraunskarðsrétt laugardaginn í 23. viku sumars.

Kaldárdals-, Selgils-, Kothrauns- og Lárdalsrétt eru aukaréttir, en hinar allar lögskilaréttir.

Í þeim hreppum, sem aukaréttir eru í, er hlutaðeigandi hreppsnefndum skylt að sjá um að allt úrtíningsfé, er fyrir kann að koma í aukaréttunum á haustin, sé tafarlaust komið til lögskilaréttar.

Hlutaðeigandi hreppsnefndum er skylt að sjá um að aukaréttirnar séu þannig útbúnar, hvað dilka og fyrirkomulag snertir, að réttarhaldið geti farið vel og skipulega fram.

### 28. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í hverri lögskila- og aukarétt, en réttarstjóri annast um innrekstur fjárins, og sér um að féð ekki troðist undir, gæti þess, að fénu sé ekki á nokkurn hátt misþyrmt og kallar hreppstjóra til of sve þer við; litur eftir að sundurdráttur fjárins fari vel og skipulega fram. Markglöggir menn skoði í dilka áður en út er hleypt og gæti þess að féð fari ekki saman úr dilkum. Skal því enginn hleypa út fyrr en réttarstjóri leyfir, sem ekki sé fyrr en búið er að töflulesa úrtíning, og skal þá aðalreglan sú, að utanhreppsmenn hleypi fyrst út, og svo þeir, sem lengst eru að.

### 29. gr.

Ómerkinga alla skal draga í sérstakan dilk, og skulu þeir geymdir þar, unz búið er að draga úr almenningnum. Að loknum fjárdrætti skal þeim sleppt í almenninginn og skal þangað færa allar ær, sem von er um að ættu þá, svo þær geti helgað sér lömb sín. Réttarstjóri skal jafnan vera viðstaddur, og engum skal heimilt að taka ómerking sem sína eign, nema með samþykki hans og meiri hluta hreppsnefndar.

Alla ómerkinga, sem enginn finnst eigandi að, skal selja strax á réttarstaðnum og andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Um ómerkinga, sem finn-

**76** ast eftir réttir, fer sem um annað óskilafé, ef enginn getur helgað sér þá, og 24. júlí rennur einnig andvirði þeirra í sveitarsjóð.

Geti menn sannað með framburði tveggja óvilhallra og áreiðanlegra manna, að ær hafi helgað sér seldan ómerking, skal eigandi ærinnar fá andvirði ómerkingsins að frádegnum uppboðskostnaði.

### 30. gr.

Mýétning allan, skal selja í hverri lögskilarétt, þó því aðeins að enginn geti helgað sér þá, og að eyrun séu svo skemmd, að ekkert mark verði gert úr; réttarstjóri skal kalla til hreppstjóra og markglögga menn, bæði innan- hrepps og utanhrepps, og séu þeir allir samdóma um markleysi þessara kinda; annars fer um kindur þessar eins og um annað óskilafé. Sama er um þá mýétninga, sem finnast eftir réttir. Andvirði mýétninganna rennur í viðkomandi sveitarsjóð.

### 31. gr.

Öllum úrtíningi úr fyrstu rétt skal sleppt í land réttarbónda, eða annars, ef hentugra þykir, en fé það, sem ekki dregst upp eða hirt er í skilarétt, skal þá þegar afhent hreppstjóra, og skal hann þá strax kveðja til með sér tvo markglögga og gætna menn, skulu þeir allir skoða kindurnar, bæði eyrnarmörk og hornamörk, og segja til marka. Hreppstjóri skal skrifa mörkin nákvæmlega upp, og lesa þau upp í heyranda hljóði. Það sem þá verður óupp- dregið, skal þegar selt við opinbert uppboð án útlausnarfrests. Allir þessir 3 menn bera ábyrgð á að mörkunum sé rétt lýst.

### 32. gr.

Réttartoll fyrir lögskilarétt skal greiða úr sveitarsjóði búanda þeim á hvers landi réttin stendur, og sé réttartollurinn 10—20 kr. eftir samkomulagi hlutaðeigenda eða mati óvilhallra manna.

### 33. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi eftir afstaðnar skilaréttir, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda þeirra geymdar í vörzlum hreppstjóra eða annara, ef heppilegra þykir. Hreppstjóri annast um að eigendum verði tafarlaust gert aðvart um þetta séu þeir í nálægum hreppum. Hafi eigendur ekki ráðstafað kindum þessum fyrir Marteinsmessu, skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilarétt, og ekki þekkjast eigendur að, skal fara með á sama hátt. Geymslukostnaður sé 8 aurar um sólarhringinn.

### 34. gr.

Lýsing á óskilafé því, sem við opinbert uppboð er selt, skal sendast sýslumanni fyrir miðjan desember, sem auglýsir hana í Lögbirtingablaðinu á

kostnað sýslusjóðs, ekki síðar en í febrúar næsta ár. Skal þá hver sá, sem getur helgað sér eitthvað af hinu selda fé, hafa rétt til að fá andvirði þess, ef hann hefir gefið sig fram og sannað eignarrétt sinn, fyrir næstu Mikaelsmessu, þó að frádregnum öllum lögmætum og sanngjörnum kostnaði, sem fyrir því var hafður.

76  
24. júlí

## VI. KAFLI.

### *Um fjármarkaðshöld á haustin og rekstra á sölufé.*

#### 35. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skýru rekstrarmerki, er sé svo glögg, að það sjáist vel tilsynðar í björtu, og svo traust að það máist eigi af þótt votviðri gangi. Auk þess merkis skulu fjárkaupamenn spjaldbinda hverja kind, og skal spjaldið vera með glöggu og góðu merki fjárkaupmanns þess, sem kindina kaupir, og ennfremur áframhaldandi tölumerki.

#### 36. gr.

Varast skal svo sem auðið er að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstur úr því svo dimmt er orðið, að ekki er markljóst, nema brún nauðsyn beri til, svo má og eigi leggja upp með rekstur fyrr en markljóst er orðið.

#### 37. gr.

Rekstrarmenn skulu gæta þess, komi kindur saman við reksturinn, að skilja þær strax úr rekstri sínum, svo að þær ekki rekist til ógreiða. Ef þeir reka kindur til ógreiða með rekstri sínum, skulu þeir skyldir til að koma þeim á sinn kostnað til eiganda, ella sæti ábyrgð fyrir.

Brot móti þessum kafla varða 5—100 kr. sektum, er hálfar gangi til uppljóstrarmanns, en hálfar til viðkomandi sveitarsjóðs.

## VII. KAFLI.

### *Um hross og naut.*

#### 38. gr.

Enginn hrossa- eða nautaeigandi má sleppa þeim ómörkuðum. Skyldur er hver sá, sem á hross eða naut, sem ekki eru í daglegri hirðingu, að lýsa marki sínu á þeim fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd, og láta prenta það við fyrsta tækifæri í markaskrá sýslunnar.

76  
24. júlí

39. gr.

Allsstaðar í sýslunni þar sem stóðhross ganga að sumrinu, skal þeim að haustinu smalað og réttað í skilarétt. Þau hross, sem þá ekki þekkjast eigendur að og enginn hirðir, skulu tekin til geymslu á kostnað eiganda og auglýst sem annað óskilafé. Þó skulu þau ekki seld fyrir 30. nóvember það ár. Geymslukostnaður fari ekki fram úr 15 aurum um sólarhringinn.

40. gr.

Hver sá, sem í leyfisleysi lætur hross sín, eða þau, sem hann tekur til hagagöngu af öðrum, ganga í landi annara og hirðir þau ekki innan tveggja sólarhringa eftir að hann hefir fengið tilkynningu um að hirða þau, greiði 20 aura um sólarhring hvern fyrir hvert þeirra í hagatoll til þess manns, sem fyrir áganginum verður. Upprekstrartollur skal vera 5 kr. fyrir hvert hross, sé ekki öðruvísi um samið.

Brot móti þessum kafla varðar 10—50 kr. sektum.

## VIII. KAFLI.

### *Um grenjaleitir og refaveiðar m. m.*

41. gr.

Með grenjavinnslu og refaveiðar skal algerlega farið eftir lögum um refaveiðar og refarækt frá 19. maí 1930.

## IX. KAFLI.

### *Almenn ákvæði.*

42. gr.

Allar sektir fyrir brot á reglugerð þessari, aðrar en þær, sem getur um í 37. og 41. gr., renna í viðkomandi sveitarsjóð.

43. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

44. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir Snæfellsness og Hnappadalssýslu um fjallskil m. m. frá 22. júlí 1916.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitastjórnarlaganna, sbr. lög nr. 44, 19. maí 1930 um refaveiðar og refarækt, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 76  
24. júlí

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júlí 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Framkvæmdasjóð Hellissands, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. ágúst 1930. Skipulagsskráin er þannig:** 77  
29. ágúst

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Framkvæmdasjóð Hellissands.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Framkvæmdasjóður Hellissands“.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er fé það, er kom inn fyrir seld marsvín er rekin voru á land í septembermánuði 1927, sem varð að frádregnum útgjöldum kr. 3947,69 — þrjú þúsund níu hundruð fjörutíu og sjö krónur og sextíu og níu aurar —, er nú er þannig ráðstafað:

1. Lánað Neshreppi utan Ennis kr. 3500,00 — þrjú þúsund og fimm hundruð krónur — samkvæmt skuldabréfi dags. 23. október þ. árs.

2. Lánað Búnaðarfélagi Neshrepps utan Ennis kr. 300,00 — þrjú hundruð krónur — samkvæmt skuldabréfi dags. 23. október þ. árs.

3. Krónur 147,69 — eitt hundrað fjörutíu og sjö krónur og sextíu og níu aurar — lagt inn á Sparisjóð Ólafsvíkur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hverskonar verklegar framkvæmdir í Hellissandskaupþúni með því að veita lán úr honum með vægum vöxtum og